

Fyrsti fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 18. janúar 2018 kl. 20:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Umsögn um rekstrarleyfi vegna Rjúkanda ehf kt.660398-2369 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II að Eiðhúsum (f.nr.211-3175). Samþykkt ám athugasemda.
2. Erindi frá N4. Afgreiðslu frestað.
3. Uppsögn Ragnars Ragnarssonar á starfi skipulags og byggingarfulltrúa. Oddvita falið að kanna möguleikanna í stöðunni.
4. Erindi frá Önnu Sigurðardóttur og varðar beiðni um að sorp verði tekið örar í sveitarfélaginu yfir vetrarmánuðina. Hreppsnefnd vísar á bókun frá síðasta fundi um breytingu á sorphirðu sem hún vill láta reyna á áður en farið er í frekari breytingu.
5. Málefni Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps. Farið ýtarlega yfir stöðu mála og eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða;

Gerður samningur um borun milli Eyja- og Miklaholtshrepps (EM) og Miðhrauns ehf. hinn 10. september 2013.

Hitaveita Eiðhúsa (HE) boraði við hliðina á holu HEM þar sem vatn er að koma upp inn í kerfi Heitaveitur Eyja- og Miklaholtshrepps (HEM). Ljóst var allt kjörtímabilið að HE ætlaði sér að setja dælu í sýna holu og prufudæla úr henni en gert var ráð fyrir því við gerð samningsins frá 2013. Samkvæmt frumprófunum eru líkur á að samgangur sé á milli hola.

Fyrir lá að ágreiningur gæti skapast við þessar aðstæður. Unnið hefur verið að því að einfalda hlutina með því að kaupa *Félagsbúið Miðhrauni* út úr HEM. Það hefur ekki tekist og hefur nú lengi legið fyrir erindi frá HE um að prufudæla sem þarf að fara að afgreiða.

Ljóst er að ekki hefur verið samstaða í HEM um ýmis mál en vegna skuldbindinga (inneignar) HEM gagnvart EM er nauðsynlegt fyrir hreppsnefnd að fá eftirfarandi upplýsingar frá stjórn HEM.

Um reksturinn,

- Hefur einhver haft umsjón með veitunni - litið eftir að allt sé í lagi - ef ekki þá af hverju og á hverju hefur strandað ?
 - Tók stjórnina ákvörðun á síðasta ári að veita afslátt af árgjaldi eins aðila í félaginu og ef svo er hvernig brást þá stjórnin við til að reksturinn yrði viðunandi á árinu?
- Fyrirhuguð er uppbygging á svæðinu, bæði á Eiðhúsum og Vegamótum.
- Hefur stjórn tekið jákvætt í uppbyggingaráformum og reynt að greiða götur slíkra áforma eins og hún hefur getað gert?

Eins og hreppsnefnd hefur nálgast þessi mál á þessu kjörtímabili þá höfum við viljað koma að lausnum á málefnum HEM og er hreppsnefnd tilbúin að koma hraustlega að slíku verki.

Í ljósi stöðu málsins og þeirrar óvissu sem framundan virðist vera, hlýtur hreppsnefnd að skoða alvarlega, til að tryggja skuldbindingar HEM við EM, að virkja 1. grein, lið 2, samningsins frá 2004 og varðar kaup HEM á hlut EM og greiðslu á inneign EM hjá HEM.

Að mati hreppsnefndar gengur ekki að rekstrinum sé teflt í tvísýnu og þar með inneign EM sett í hættu. Þá getur sveitarfélagið ekki verið aðili að félagi sem styður ekki uppbyggingu á svæðinu.

Mikilvægt er fyrir hreppsnefnd að fá svör við spurningunum fyrir 29. janúar 2018

6. Kröfulýsing í þjóðlendumálum frá ríkinu. Að öllum líkindum gerir ríkið kröfur fyrir óbyggðarnefnd í byrjun febrúar. Ef ríkið gerir miklar kröfur í land í sveitarfélaginu er oddvita veitt heimild til að bregðast við á viðeigandi hátt.
7. Gestastofa Snæfellsnes – hugmyndir að breytingum salerni og gólfefni í kaffistofu. Sigursteinn og Ragnhildur komu á fundinn undir þessum lið og farið var yfir hugmyndir á gólfefnum og breytingar á salernum og merkingum utanhúss.

Lagt fram til kynningar.

8. 134 fundargerð stjórnar SSV

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)